



Menningar- og fegrunarnefnd 7. júlí 2010

1. fundur Menningar- og fegrunarnefndar Blönduósbæjar var haldin miðvikudaginn 7. júlí 2010, kl.17.00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting er samkvæmt undirskriftum.
Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar setti fundi og stjórnaði fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Kosningar
2. Húnavaka
3. Veiting umhverfisverðlauna
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fram kom tillaga um að formaður væri Ragnheiður Ólafsdóttir, varaformaður Erna Björg Jónmundsdóttir og ritari Kristín Guðjónsdóttir. Að kosningum loknum tók formaður við fundarstjórn og vék Ágúst Þór af fundi.
2. Dagskrá Húnavöku og bæklingur kynntur nefnarmönnum sem líst mjög vel á.
3. Skoðun vegna fegrunarverðlauna 2010 fer fram næstu daga og ákvarðanir teknar í framhaldi af því. Viðurkenningar verða veittar á kvöldvöku Húnavöku.
4. Hinni nýju menningar- og fegrunarnefnd finnst vanta sárlega kynningu á ýmsum atburðum/viðburðum á svæðinu t.d. í símaskránni 2010 þar sem listi yfir bæjarhátíðir og aðra viðburði er talinn upp eftir landshlutum. Þar er Blönduós ekki nefnt á nafn(Smábæjarleikar, Húnavaka ofl.). Upplýsingar fengust hjá ritstjóra símaskrárinnar að leitað hefði verið eftir upplýsingum og þær ekki fengist hjá Blönduósbæ. Sama hefur verið með aðra ferða- og menningartengda bæklinga sem komið hafa út í vor.

Fundargerðin upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18.00

Ragnheiður Ólafsdóttir
Erna Björg Jónmundsdóttir

Kristín Guðjónsdóttir